

# Sidareglur

## Markmið

Markmið siðareglna þessara er að tryggja að starfsemi félagsins sé stunduð af heilindum og að orðspor félagsins og hagaðila þess sé í heiðri haft.

## Ábyrgð og gildissvið

Það er á ábyrgð stjórnar Orkunnar IS ehf. að hafa forgöngu um innleiðingu og eftirfylgni með siðareglunum. Það er á ábyrgð forstjóra að hafa eftirlit með og bregðast við hvers konar ábendingum um atriði sem varða brot á lögum eða siðareglum þessum og koma slíkum málum í viðeigandi farveg.

Siðareglum þessum skal fylgt eftir og þær túlkaðar í samræmi við markmið félagsins og hagsmuni hagaðila þess eins og við á hverju sinni. Allt starfsfólk Orkunnar fellur undir siðareglurnar og ber að fara eftir ákvæðum þeirra og tileinka sér þær í daglegum störfum sínum.

## Siðareglur

Starfsfólk Orkunnar einsetur sér að þekkja, skilja og fara eftir starfsreglum og siðareglum þessum eins og þær eru birtar á heimasíðu félagsins. Starfsfólk skal leita aðstoðar ef það telur að því skorti nauðsynlegan skilning eða ef það telur að lög eða siðareglur hafi verið brotnar.

Samfélagsleg ábyrgð, mannréttindi, umhverfismál og sjálfbærni eru lykilatriði í stefnu Orkunnar og gerir félagið ríkar kröfur til starfsfólks og samstarfsaðila þegar kemur að þeim málaflokkum. Mansal og nauðungarvinna líðst ekki hjá félaginu.

Orkan leggur áherslu á fagmennsku, heiðarleika og sanngirni í viðskiptum og fer að þeim lögum og reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og gerir kröfu um það sama af þeim sem Orkan skiptir við.

Öll viðskipti eru framkvæmd á armslengdargrunni og starfsfólk líður aldrei mútur né spillingu, hvort heldur af hálfu Orkunnar eða gagnvart félaginu. Þá þiggur starfsfólk ekki gjafir sem kunna að draga úr trúverðugleika þess eða félagsins, eða eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvarðanatöku eða dómgreind við vinnslu mála. Ef vafi er um heimildir starfsfólks til móttöku gjafa eða annars konar fyrirgreiðslna skal ávallt leitað samþykkis næsta yfirmanns.

Um hagsmunaárekstur er að ræða þegar persónulegir hagsmunir eða aðrir hagsmunir sem ekki eru starfstengdir, hafa áhrif eða geta virst hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir. Einkahagsmunir skulu ekki hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir. Starfsfólk skal ekki koma að ákvörðunum þar sem aðilar tengdir því kunna að hafa persónulegan hag af, né sinna öðrum störfum eða stöðum sem skapað geta hagsmunaárekstur við félagið.

Orkan greiðir ekki fé til stjórnmalaflokka, stjórnmalasamtaka eða fulltrúa þeirra. Félagið áskilur sér hins vegar rétt til að láta í ljósi afstöðu sína til málefna sem hafa bein áhrif á félagið, starfsmenn þess, viðskiptavini eða hluthafa.

Orkan styður frjálsa samkeppni og stundar sanngjarna samkeppni í samræmi við gildandi löggjöf. Félagið kemur ekki í veg fyrir að aðrir geti stundað löglega samkeppni heldur virðir samkeppnisreglur. Samningar og aðrar aðgerðir sem draga úr samkeppni verða ekki liðnar.

Hvers konar trúnaðar- og/eða persónuupplýsingar sem eru til eða verða til hjá Orkuni eru meðhöndlaðar af ýtrustu varkárni og ávallt í takt við gildandi löggjöf og verklagsreglur hverju sinni. Félagið skal nota upplýsingatækni og boðleiðir á ábyrgan hátt.

Starfsfólk sýnir virðingu og á hreinskilin samskipti við samstarfsfólk sitt og alla hagaðila.

Orkan er ávallt staðráðin í að upplýsingagjöf félagsins til hagaðila sé á hverjum tíma rétt, gagnorð og nákvæm. Starfsfólk gætir jafnframt ávallt að heimild sinni til að tjá sig fyrir hönd Orkunnar.

Orkan leggur að öðru leyti ríka áherslu á gegnsæi fyrir hagaðila sína um stjórnarhætti félagsins. Samskipti við hagaðila eru félaginu afar dýrmæt og leggur Orkan áherslu á að hlusta á sjónarmið þeirra og skoðanir.

Orkan lætur óréttmæta viðskiptahætti ekki viðgangast og það er skylda starfsfólks að standa vörð um að hvorki eigi sér stað lögbrot, brot á annars konar stefnum, reglum eða gildandi starfsháttum innan Orkunnar.

Hafi starfsmenn rökstuddan grun um slík brot, ber þeim að gera viðvart og leita til einhvers af eftirfarandi aðilum:

- Yfirmanns
- Forstjóra Orkunnar
- Formanns stjórnar ef um forstjóra er að ræða
- Aðra stjórnarmenn stjórnar ef um formann stjórnar er að ræða

Starfsmönnum verður aldrei refsað, hvorki með beinum né óbeinum hætti, ef þeir í góðri trú koma á framfæri ábendingu um rökstuddan grun um brot samkvæmt þessari grein og verður nafnleynd viðkomandi tryggð við meðhöndlun slíkra mála.

Brot gegn siðareglum þessum geta varðað áminningu og jafnvel brottrekstur, í samræmi við viðeigandi vinnulöggjöf hverju sinni.

Samþykkt af stjórn Orkunnar 29. janúar 2025.